

## LÖG

### um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000 (bótaréttur vegna bólusetningar).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. greiðast bætur til þeirra sem gangast undir bólusetningu á Íslandi með bóluefni gegn apabólu á árunum 2022–2023 sem íslensk heilbrigðisyfirvöld leggja til vegna tjóns sem hlýst af eiginleikum bóluefnisins eða rangri meðhöndlun þess, þ.m.t. við flutning þess, geymslu, dreifingu eða bólusetningu af hálfu heilbrigðisstarfsmanns, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers atviks sem talið er upp í 2. gr. Sjúkratryggingastofnunin ber bótaábyrgð samkvæmt ákvæði þessu, sbr. 9. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 2022.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Willum Þór Þórsson.*